



Reykjavík, 16. desember 2019

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði mánudaginn 16. desember 2019 vegna tilkynnigu frá skorritara að lið ÍR-A hefði ekki mætt fullmannað til leiks við ÍR-Naddóð. Jafnframt bárust dómaraaskýrslur frá fyrirliðum beggja liða undirritaðar af Inga Má fyrirliða ÍR-Naddóðs og Svári Þór fyrirliða ÍR-A.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga. Í 11. gr. reglugerðar um aganefnd er m.a. kveðið á um heimild aganefndar til þess að refsa liði sem ekki mætir til leiks án þess að hafa fyrir því gilda ástæðu. Getur refsing í því sambandi verið brottrekstur úr keppni, stígatap, bann á alla leikmenn liðsins og/eða sektir. Á ákvæði þetta við um allar liðakeppnir í A- og B mótum á vegum KLÍ. Það er mat nefndarinnar, í ljósi þeirra skýringa sem gefnar hafa verið af hálfu ÍR-A, hafi liðið ekki haft slæman ásetning til að mæta ekki til leiks þannig að ekki komi til refsingar á grundvelli framangreinds ákvæðis. Þrátt fyrir framangreint, er sérstaklega kveðið á um það í 9. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða að mæti löglega skipað lið ekki til keppni við lok upphitunar, skuli viðureignin úrskurðuð því liði töpuð og það lið sem mætir skal spila til að fá stigin. Segir síðan í 2. málslíð 9. gr. að sekta skuli það lið sem ekki mætir til leiks samkvæmt gjaldskrá KLÍ. Að mati nefndarinnar skal sekta lið sem ekki mætir til leiks nema veigamiklar ástæður samkvæmt 10. gr. reglugerðar KLÍ um Íslandsmót liða eigi við. Er það niðurstaða nefndarinnar að sektum verði ekki beitt.

Fram kemur í dómarskýrslunum sem bárust ásakanair á leikmenn beggja liða svo og áhorfanda.

Að mati aganefndar er hér um að ræða aðra minniháttar ágreining sem ekki verður refsað fyrir.

Úrskurðarorð

ÍR-A er dæmd viðureignin töpuð 14 – 0 ekki verður sektað.
Öðrum kærum í þessu máli er vísað frá.

Bragi Már Bragason,
Einar Jóel Ingólfsson
Þórarinn Már Þorbjörnsson